

Fimmtudaginn 13. október 1988.
 Nr. 180/1987. **Pétur Gunnlaugsson**
 f.h. einkafirma síns **Leigumúla**
 gegn
Sigurmar Albertssyni hrl.
Vinnustofunni Klöpp
Landsbanka Íslands
Árna Vilhjálmsyni hdl.
Gjaldheimtunni í Reykjavík
Guðmundi Jónssyni hdl.
Flugleiðum hf.
Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis
Samvinnutryggingum g.t.
Gísla Baldri Garðarssyni hrl.
Ólafi Gunnlaugssyni
Híbýlum sf.
Verslunarbanka Íslands hf.
Sigurði I. Halldórssyni hdl.
Bókabúð Lárusar Blöndal
Árvakri hf.
Árna Einarssyni hdl. og
Almennum tryggingum hf.

Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen og Guðmundur Jónsson og Haraldur Henrysson séttur hæstaréttar-dómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1987 en hann áfrýjar nauðungaruppboði, sem fram fór 5. mars 1987. Var málið þingfest 2. október 1987 og fékk áfrýjandi þá frest til febrúarmánaðar 1988. Hefur hann síðan fengið frest þrisvar, þ.e. til aprílmánaðar, júnímánaðar og októbermánaðar 1988. Er málið var tekið fyrir 3. október sl. bað áfrýjandi enn um að málinu yrði frestað til desembermánaðar. Því var andmælt af hálfu stefndu.

Mál þetta var áður mál nr. 118/1987 og var stefna í því gefin

út 2. apríl 1987 til þingfestingar 4. maí 1987, en þá féll málssókn niður vegna útivistar.

Þar sem áfrýjandi hefir margsinnis fengið fresti, sem hefðu átt að nægja honum til að búa mál sitt til flutnings í Hæstarétti, þykja ekki efni til, gegn andmælum stefndu, að veita frekari frest í málinu. Ber því að vísa því frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða Gjaldheimtunni í Reykjavík og Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, eins og þeir hafa krafist, málskostnað fyrir Hæstarétti svo sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Pétur Gunnlaugsson f.h. einkafirma síns Leigumúla, greiði stefndu, Gjaldheimtunni í Reykjavík og Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, 5.000,00 krónur til hvors um sig í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.